

Starfsáætlun leikskólans

Álfasteins

2015 – 2016



Formáli

Samkvæmt lögum um leikskóla nr. 90/2008 vinna leikskólar eftir aðalnámskrá leikskóla. Samkvæmt henni vinnur hver og einn leikskóli upp sína skólanámskrá þar sem fram kemur á hvaða hátt leikskólinn uppfyllir þau viðmið sem þar eru sett fram.

Leikskólar gera starfsáætlun þar sem fjallað er um árlega starfsemi leikskólans, birt skóladagatal og ýmsar aðrar hagnýtar upplýsingar um skólahald hvers leikskóla. Áætlunin þarf að fá umsögn foreldraráðs áður en fræðsluráð tekur hana til afgreiðslu samkvæmt lögum um leikskóla.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Hún á að sýna starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum hvernig starf leikskólans gekk á síðasta leikskólaári og hvernig unnið verði að umbótum og nýjum verkefnum á því næsta.

Í starfsáætlun leikskólans skulu koma fram:

- Matsaðferðir leikskólans og umbótamiðuð áætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats.
- Áherslur í leikskólastarfinu sem ætlunin er að vinna að, markmið, leiðir að markmiðunum og áætlun um hvernig þau verða metin.
- Áherslur í starfsáætlun fræðsluviðs sem leikskólinn vinnur að.
- Starfþróunaráætlun leikskólans og upplýsingar um starfsmannamál.
- Fjöldi barna, kynjahlutfall, dvalarstundir, fjöldi barna sem njóta sérkennslu og fjöldi barna af erlendum uppruna.
- Upplýsingar um foreldraráð, foreldrafundi og foreldraviðtöl.
- Umsögn foreldraráðs.
- Skóladagatal fyrir árið.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til sviðsstjóra fræðsluviðs fyrir 1. júlí ár hvert. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir fræðsluráð til samþykktar.

Efnisyfirlit

Formáli.....	4
1. Inngangur	6
2. Mat á leikskólastarfi og umbótaáætlun	7
2.1 Innra mat leikskólans.....	7
2.2 Húsnæði og lóð.....	10
2.3 Ytra mat.....	11
2.3. Umbótaáætlun samkvæmt niðurstöðum innra- og ytra mats.....	12
3. Áherslur í starfi leikskólans.....	12
3.1 Áherslur leikskólans næsta starfsár.....	12
4. Starfsmannamál	13
4.1. Starfsmannahópurinn 1. maí.....	13
4.2 Starfsþróunarsamtöl.....	13
4.3 Símenntun frá síðasta ári.....	13
4.4 Áætlun um símenntun í leikskólanum.....	14
5. Aðrar upplýsingar	14
5.1 Barnahópurinn 1. maí.....	14
5.2 Foreldrasamvinna.....	14
5.3 Samstarf leik- og grunnskóla	15
5.4 Almennar upplýsingar	15
5.5 Áætlanir.....	15
Fylgirit.....	16
• Matsgögn.....	16
• Leikskóladagatal	16
• Umsögn foreldraráðs.....	16
• Annað	16

1. Inngangur

Það sem einkenndi skólaárið 2014-2015 er mikil vinna sem farið hefur í að styrkja starfsmannahópinn, samvinnu og samstarf. Við fengum til liðs við okkur Hrund Guðmundsdóttir, leikskólaráðgjafa sem stuðning við stjórnendur leikskólans. Inga Líndal leikskólastjóri fór í námsleyfi frá 1. janúar – 17. ágúst 2015. Hanna María Ásgrímsdóttir aðstoðarleikskólastjóri varð leikskólastjóri í hennar fjarveru og Jónína Rósa Ragnarsdóttir deildarstjóri, varð aðstoðarleikskólastjóri.

Í nóvember hélt stór hluti starfsmannahópsins í námsferð til Brighton þar sem sótt var námskeið í kennslu á numicon stærðfræðikubbum. Ferðin var lærdómsrík og gaf okkur margar góðar hugmyndir í starfið. Ferðin í heild var einnig gott innlegg í að styrkja starfsmannahópinn.

Aðaláherslan í vetur hefur verið eins og áður segir að bæta starfsánægju í starfsmannahópnum. Unnið hefur verið mikið og gott starf undir handleiðslu Hrundar. Gerður var samskiptasáttmáli þar sem allt starfsfólk leikskólans kom að gerð hans. Það hefur sýnt sig í könnunum sem gerðar hafa verið að miklar breytingar hafa orðið í samskiptum og líðan starfsfólks í leikskólanum. Grunnurinn að góðu leikskólastarfi er áhugasamt og ánægt starfsfólk sem líður vel í starfi.

Í vetur settum við aukna áherslu á læsi og höfum við aukið við leikefni því tengdu. Við höfðum skipulagsdag í janúar með Vesturkoti þar sem Ásthildur Bj. Snorradóttir hélt fyrirlestur um mikilvægi snemmtæktrar íhlutunar. Eftir hádegi voru átta málstofur þar sem ýmsar hugmyndir og verkefni tengd læsi voru krufin. Allt starfsfólk leikskólans sótti málþingið Lestur er lífsins leikur sem haldið var í febrúar á vegum Hafnarfjarðarbæjar. Þessi aukna vinna með læsi hefur mælst vel fyrir hjá börnum, foreldrum og starfsfólki og eru sýnileg merki um framfarir barnanna á þessu sviði, auk þess sjáum við aukinn áhuga foreldra.

2. Mat á leikskólastarfi og umbótaáætlun

2.1 Innra mat leikskólans

Skólaárið 2014-2015 var metið heildstætt í apríl og maí með spurningalistum. Matið fór fram á deildarfundum hverrar deilda og tók allt starfsfólk þátt í matinu.

Í matinu var horft til samstarfs og samvinnu, fundartíma, dagskipulags og þeirra hefða sem skapast hafa í leikskólanum. Við vildum skoða hvað hafði gengið vel og hvað við gætum gert betur.

Þættir sem settir voru inn í starfsáætlun síðasta skólaárs voru metnir og farið yfir hvernig þeir hafa gengið. Starfsfólk var sammála um að samstarf milli deilda sé orðið betra en að bæta þurfi samvinnu t.d. á útisvæðinu. Tvær deildar gætu skipt með sér útisvæðinu þannig að einn starfsmaður frá hvorri deild færi á útisvæði. Í síðasta endurmati kom upp sú hugmynd að þegar upp kemur mannekla á deild að hægt sé að bjóða börnum af þeirri deild með á útisvæðið. Þessi hugmynd hefur ekki gengið vel eftir og þurfum við að bæta okkur þarna.

Mikið hefur verið lagt upp úr þeirri hugmynd að nýta rýmin inn á deildum með því að skipta barnahópnum upp í valinu þannig að helmingurinn fer út og helmingur er inni í vali. Starfsfólk var sammála um að það væri mjög gott en dagskipulagið býður ekki upp á það þegar við erum einnig með Lautina eða Fornagarð. Þá höfum við ekki starfsfólk til að fara líka á útisvæðið. Þar af leiðandi hafa börnin á Holti og Hamri notað útisvæðið meira eftir hádegi. Á yngri deildunum er dagskipulagið í föstum skorðum þar fer helmingur barnanna út f.h og er inni í vali e.h og öfugt. Kubbastarf, málrækt og könnunarleikurinn eru fastir liðir í hópatímum á yngri deildunum.

Starfsfólk var sammála um að það fyrirkomulag sem hingað til hefur verið á deildarfundum væri ekki hentugt. Yngri deildar hafa verið með deildarfundum á sama tíma og þá hafa eldri deildirnar farið með alla út og svo öfugt. Þetta fyrirkomulag hefur oft reynst erfitt fyrir yngstu börnin þar sem þau þekkja ekki vel starfsfólkið af eldri deildunum og myndast hefur óöryggi bæði hjá börnum og starfsfólki. Næsta vetur ætlum við að breyta fyrirkomulaginu þannig að Holt og Hamar verða í samvinnu og Klettur og Berg. Með þessu fyrirkomulagi verða færri börn í einu á útisvæðinu og börnin og starfsfólk þekkjast betur. Með þessu fyrirkomulagi teljum við að við styrkjum samvinnu milli deilda sem er eitt af markmiðum leikskólans.

Útikennsla og hreyfing hefur verið að þróast undanfarin ár. Útikennsla er orðinn fastur liður í starfinu einu sinni í viku og börnin læra að klæða sig eftir veðri. Í útikennslunni hefur markvisst verið tekin inn hreyfing þar sem gönguferðir barnanna eru lengdar eftir því sem börnin eldast og þannig aukið við úthald og þol barnanna. Nærumhverfi leikskólans er nýtt til útiveru eins og fjaran og hraunið. Þetta finnst börnunum spennandi og verður haldið áfram með þetta næsta vetur.



www.leikskolinn.is/alfasteinn

Næsta vetur er ætlunin að nýta Lautina betur undir skipulagða hreyfingu. Það verður gert með því að aðra hvora viku verða holukubbar í boði og hina vikuna skipulögð hreyfing. Þar gefst tækifæri til að kenna börnunum hina ýmsu leiki, fara í þrautabraut og einnig til að fylgjast með hreyfifærni barnanna og fylla út hreyfimatlista.

Á skólaárinu 2014-2015 hefur farið mikil vinna í að styrkja starfsmannahópinn, efla samstarfið og bæta samvinnu. Á skólaárinu var gerð starfsánægjukönnun að hausti og vori. Leikskólaráðgjafi stóð fyrir fyrirlögn og úrvinnslu á þessari könnun. Í könnuninni voru teknir fyrir þættirnir; starfsánægja, samskipti, samvinna, upplýsingaflæði, og vinnuumhverfi.

Í haustkönnuninni kom í ljós að bæta þurfti upplýsingaflæði, samskipti og samvinnu. Allt starfsfólk var sammála um að bæta þurfti

samskipti og voru niðurstöður haustkönnunarinnar nýttar við gerð aðgerðaráætlunar í samskiptaháttum og upplýsingaferlum í leikskólanum. Allt starfsfólk leikskólans kom að þeirri vinnu sem lauk með samskiptasáttmála sem starfsfólk hefur lagt sig fram um að framfylgja.

- Við viljum að samskipti séu opin og að upplýsingar komist til skila
- Við leitum sjálf eftir upplýsingum
- Við ætlum að verða samferða og vinna saman að markmiðum
- Við ætlum að sýna hvort öðru traust
- Við ræðum saman og skiptumst á skoðunum
- Við sýnum hvort öðru virðingu
- Við hugsum um orð okkar og hvernig við tölum – „orð eru álög“
- Við vöndum okkur í samskiptum
- Við förum með málin þangað sem þau eiga heima
- Við komum fram við aðra eins og við viljum að komið sé fram við okkur
- Við temjum okkur heiðarleg samskipti og skýr svör



www.leikskolinn.is/alfasteinn

Í vorkönnuninni voru niðurstöður jákvæðar í nær öllum þáttum. Þar má fyrst nefna framfarir í upplýsingaflæði, samvinnu og samskiptum. Áfram verður unnið með þætti samskiptasáttmála Álfasteins á næsta skólaári og sérstaklega þá þætti sem bæta þarf enn frekar eins og fram kom í vorkönnuninni.

Notkun spjaldtölva

Spjaldtölvur í leikskólanum Álfasteini eru notaðar með börnunum til að sækja upplýsingar í tengslum við verkefni, kennslumiðaða leiki fyrir börn og til að hlusta á tónlist. Jafnframt eru spjaldtölvur notaðar af starfsfólki til að safna upplýsingum um starfið með því að taka upp myndbrot eða myndir og einnig þegar verið er að safna myndrænum upplýsingum einstaka barna t.d., fyrir Greiningarstöð ríkisins. Spurningar hafa vaknað um hvort hugmynd sé að það sé teymi sem sjái um spjaldtölvurnar fyrir næsta vetur. Það teymi sæi um að setja inn efni á spjaldtölvurnar, miðla því til hópstjóra og eru innan handar við að kenna og upplýsa um þá möguleika sem spjaldtölvurnar geta gefið í kennslu til viðbótar við það sem hópstjórar eru að nota nú þegar.

Stærðfræðikennsla

Í nóvember sl. fór starfsmannahópurinn í námsferð til Brighton þar sem hópurinn sótti námskeið í numicon stærðfræðikubbum. Á námskeiðinu var unnið með hugmyndir um hvernig tengja má saman náttúruna í kringum okkur við stærðfræðina. Þar fengum við frábærar hugmyndir sem koma til með að auka enn frekar á nýjar hugmyndir í stærðfræðikennslu leikskólans.

SMT

SMT var einnig metið þetta skólaárið. Matið fór fram með þeim hætti að leikskólinn fékk heimsókn frá Tjarnarási og var lagður fyrir SET spurningalisti fyrir starfsfólk og börn. Niðurstöður voru þær að Álfasteinn fékk 87% af 100% sem er ágætt. Það sem var ábótavant eru svo kölluð bros sem er sameiginleg hvatning sem börnin fá fyrir æskilega hegðun. Að sjálfsgöðu fá börnin hrós og hvatningu en hún þarf að vera sýnileg samkvæmt SMT. Við settumst því niður og ræddum hvernig við gætum útfært hvatningakerfi sem passar okkur. Við komumst að þeirri niðurstöðu að við viljum hafa hvatninguna einstaklingsmiðaða og ákveðið var að kaupa steina sem við köllum Álfasteina og fá börnin Álfastein í stað bros. Krukka er á hverri deild og safna börnin Álfasteinunum í krukkuna og þannig safna þau fyrir fyrirfram ákveðinni umbun. Þetta fyrirkomulag hefur reynst vel og ætlum við að halda áfram að fullum krafti næsta vetur og stefna að því að leikskólinn verði sjálfstæður SMT skóli.

Viðburðir

Farið var yfir helstu viðburði síðasta skólaárs og var starfsfólk sammála um að þeir hafi gengið vel. Hugmynd er að færa jólaballið sem verið hefur í Hvaleyrarskóla undanfarin ár aftur yfir í leikskólann og hafa jólaballið foreldralaust. Þannig teljum við að við getum minnkað álag á foreldra í desember ásamt því að gera huggulega og rólega stemmingu hér innandyra í kringum jólaballið. Foreldrar taka þátt í piparkökumálun ásamt því bjóðum við þeim til okkar í aðventukaffi í leikskólann í desember.

Þetta árið höfðum við nýtt fyrirkomulag á öskudaginn þar sem börnum var boðið upp á val að koma í náttfötum eða búningum. Þetta fyrirkomulag reyndist mjög vel og ekki komu upp nein vandamál varðandi búninga barnanna og munum við halda þessu fyrirkomulagi áfram næsta ár.

Útikubbar

Leikskólinn Álfasteinn hefur verið í forystu Hafnfirskra leikskóla í vinnu með Einingakubba til náms og þroska. Eftir langa bið og allskyns hönnunurvinnu fengum við loksins kubba sem við getum notað í starfi með börnunum úti. Um er að ræða lokaða kubba sem eru í sömu stærð og svokallaðir holir kubbar en einnig verða opnir kassar sem eru þrisvar sinnum stærri en holukubbarnir. Tilgangur með þessum stóru kubbum er m.a. að börnin styrkja efri hluta líkamans eins og handleggji og axlir með því að bera kubbana og lyfta þegar þau byggja úr þeim, ásamt því að börnin verða oft að vinna saman þar sem kubbarnir eru stórir og þungir. Um leið nýtast kubbarnir sem klifurleikföng þar sem þau geta byggt hinar ýmsu byggingar eða leiktæki sem breytast dag frá degi eftir hugmyndaflugi og leik barnanna úti. Á útisvæði Álfasteins eru engin klifurtæki en teljum við að þarna séum við búin að slá tvær flugur í einu höggi með því að uppfylla klifurþörf barnanna og um leið sköpunargleði og þjálfu líkamsstyrk þeirra, allt með sama leikefninu. Þjónustumiðstöð Hafnarfjarðarbæjar var okkur innan handar við smíði á útikubbunum. Við hlökkum mikið til að sjá hvernig og hvort leikurinn á eftir að breytast á útisvæði með tilkomu útikubbanna en þeir hafa verið í geymslu bróðurpart vetrarins vegna veðurs.



2.2 Húsnæði og lóð

Starfsmenn á vegum þjónustumiðstöðvar hafa séð um að taka út lóð Álfasteins. Starfsmaður frá Álfasteini fer út daglega til að gæta að því að lóð og tæki séu örugg og skráð er í tiltekna bók hvort eitthvað sé ábótavant. Lengst af var skýrsla send starfsmönnum þjónustumiðstöðvar varðandi úrbætur. Lítið var um svör og var í framhaldi ákveðið að senda einungis þegar eitthvað er ábótavant. Hefur þetta gengið mun betur þetta skólaárið og má ætla að lóð leikskólans sé í ágætu standi. Þó eru nokkrir þættir sem þarf að bæta. Umbótaáætlun hefur verið gerð:

- Skipta þarf um gúmmi á rólum og sætum
- Undirlag undir rólum þarf að endurnýja
- Klifurnet í sandkassa þarf að endurnýja
- Endurbætur á rambeltu- setja gúmmí undir sæti
- Pallur við rennibraut er of stuttur

Þessir þættir hafa ekki verið lagaðir og við þetta má bæta að þar sem lóðin er í miklum halla eru göt víðsvegar undir girðinguna sem eru freistandi fyrir litlar strokukindur. Eins hefur timburklæðning á húsinu ekki verið fúavarin frá opnun skólans og steinflísar utan á húsinu hafa brotnað en ekki verið endurnýjaðar.

Heilbrigðiseftirlitið er nýlega búið að senda eftirlitsmann til okkar og hann benti á að víðsvegar um húsið séu loftbólur undir gólfdukknum, það þurfi að kanna skemmdirnar og ganga úr skugga um að ekki sé um heilsuspillandi tilfelli að ræða. Eftirlitsmaðurinn rakst líka á stóra og mikla rakaskemmd í þvottahúsi sem þyrfti að skoða, þakgugginn lekur í rigningu ofan í hólfi barnanna og hljóðvist í miðrými hússins er slök.

2.3 Ytra mat

Í febrúar var lögð fyrir starfsmannakönnun á vegum Skólapúlsins. Tilgangur könnunarinnar var að kanna viðhorf starfsmanna til skólans, trú starfsmanna á getu sína við störf og hvort að starfsmenn fái símenntun og undirbúningstíma. Spurningarnar voru að mestu leiti krossspurningar en starfsmenn voru einnig spurðir opinna spurninga. Í opnum spurningum áttu starfsmenn að svara spurningum um hvað væri gott og slæmt við leikskólann, hvernig þeim líður í starfi, hvað það væri sem gæti bætt stjórnun leikskólans og hvað gæti bætt starfsþróun og símenntun starfsmannsins. Skólapúlsinn sendi starfsmönnum slóð á heimasíðu sem innihélt spurningalistann, þar svöruðu starfsmennirnir listanum rafrænt og nafnlaust. Átján starfsmenn svöruðu könnuninni en það var rétt undir því marki sem Skólapúlsinn setur til þess að könnunin sé markverð.

Viðhorf til leikskólans er almennt gott og matsþættirnir koma út yfir meðaltali í öllum liðum nema hvað varðar starfsandann en þar erum við aðeins undir viðmiði. Kaflinn um uppeldi og menntun kemur ekki alveg eins vel út en þar vantar starfsfólkinu aðeins uppá trú á eigin getu við daglegt skipulag. Samstarf innan leikskólans er aðeins undir viðmiðum og eins virkni foreldra í skólastarfinu. Utanaðkomandi ráðgjöf og ánægja með sérkennslu er töluvert undir viðmiðum og þurfum við að bæta okkur vel þar. Hlutfall starfsmanna sem fær undirbúningstíma er vel yfir viðmiðum. Starfsfólk virðist sammála því að tími fyrir undirbúning er ekki nægur. Símenntun starfsmanna kemur vel út en hlutfall starfsmanna sem hefði viljað meiri símenntun er samt yfir viðmiðum.

Starfsmenn voru spurðir um það hvað það væri sem þeim þætti gott við leikskólann og þeir sem svöruðu voru sammála um það að það væri gott að vera í Álfasteini, starfsandi væri góður, ánægja var með samstarfsmenn og ástríða væri fyrir menntun barnanna. Þeim fannst dagskipulag vera gott og góð samvinna milli starfsmanna. Þeir voru líka spurðir um það hvað þeim þætti slæmt við leikskólann og þar kom fram að auka mætti samvinnu milli þeirra deilda sem vinna með svipaðan aldur, að lítið rými sé inni á deildum, upplýsingastreymi sé ekki nægjanlegt og að neikvæð hegðun og framkoma starfsfólks hafi fengið að ganga of langt áður en gripið var í taumana. Þegar spurt var um líðan í starfi, starfsandann, daglegt starf o.s.frv. voru svörin misjöfn. Sumir svöruðu því til að starfsandinn væri góður og jákvæðni einkenndi þetta allt. Aðrir minntust á að neikvæð hegðun starfsmanna hafi fengið að hafa of mikil áhrif í of langan tíma en að ferlið sem hafi verið í leikskólanum í vetur hafi hjálpað mikið til að koma þessum málum í betra horf. Enn aðrir vildu fá meiri stuðning í hópastarf og aukinn undirbúning. Að lokum voru starfsmenn spurðir út í forystu og stjórnun leikskólans og hvað það væri sem gæti bætt þetta tvennt. Einn starfsmaður var á þeirri skoðun að tíð skipti á stjórnendum væru erfið. Aðrir voru á því máli að stjórnendur ættu að halda áfram að vinna að þeim markmiðum sem við höfum sett okkur, vera heiðarlegir, hreinskilnir, með

virka hlustun, bera virðingu fyrir starfsfólki, börnum, foreldrum og starfinu.

Mikið starf hefur verið unnið í vetur í tengslum við bættan starfsanda í Álfasteini og hefur sú vinna tekist vel. Björninn er samt hvergi nærri unninn og þarf það starf að halda áfram. Starfsfólkið vann sameiginlega að samskiptasáttmála sem vinna þarf með áfram. Einhverja þætti er erfitt að bæta eins og t.d. rými deilda og aukinn undirbúningstíma. Samvinna milli deilda hefur verið eflað og mun sú vinna halda áfram næsta haust og ennfremur munum við koma til með að endurskoða sérkennslu með niðurstöðu þessarar könnunar til hliðsjónar.

Ekkert mat var gert á vegum Hafnarfjarðarbæjar þetta skólaárið. Hins vegar hefur leikskólinn nýtt sér foreldraviðtöl sem tekin eru tvisvar á ári til að meta ánægju foreldra og hefur komið í ljós almenn ánægja meðal foreldra á leikskólastarfinu og þeirri þjónustu sem leikskólinn veitir.

2.3. Umbótaáætlun samkvæmt niðurstöðum innra- og ytra mats

Næsta skólaár komum við til með að halda áfram vinnu með starfsmannahópinn, gera samskiptasáttmálann hnitmiðaðari. Við ætlum að fara yfir samskiptasáttmálann á starfsmannafundi haustsins og ígrunda þá þætti sem við erum ánægð með og vel hefur gengið og skerpa á þeim þáttum sem betur mega fara út frá hugmyndum starfsmannahópsins eins og sjá má í köflunum hér að ofan.

3. Áherslur í starfi leikskólans

3.1 Áherslur leikskólans næsta starfsár

Eins og fram hefur komið ætlum við að halda áfram vinnu með læsi, stærðfræði og efla heilsu og hreyfingu. Við komum til með að halda áfram með kubbavinnu enda er það aðalmerki Álfasteins. Inn í kubbavinnuna fléttum við læsi, stærðfræði og heilbrigði. Við tókum þá ákvörðun í vetur að breyta samsetningu barnahópanna á deildunum þannig að þær yrðu sem aldurshreinastar. Þannig verða allra yngstu börnin á Kletti, næsti aldurshópur verður á Bergi, inni á Hamri verða öll börn fædd 2011 og inn á Holti verða 12 börn fædd 2010 og 12 börn fædd 2012. Ástæðan fyrir þessari aldurskiptingu á Holti er sú að í elsta árgangnum okkar eru bara 12 börn og ekki er hægt að skipa eina deild með 12 börnum. Í stað þess að skipta 2011 árgangnum upp í tvo hópa ákváðum við að skipta 2012 börnunum upp. Með því móti fá árgangarnir að vera saman í 2 ár áður en þau hætta. Er það von okkar að þetta fyrirkomulag eigi eftir að auðvelda vinnu inni á deildum þar sem barnahópur hverrar deildar er á mjög svipuðum aldri (nema á Holti) í stað þess að 3 árgangar séu á deildunum.

4. Starfsmannamál

4.1. Starfsmannahópurinn 1. maí

Starfsheiti	Fjöldi	Starfshlutfall %	Menntun
Leikskólastjóri	1	100	Leikskólakennari
Aðstoðarleikskólastjóri	1	30	Leikskólakennari
Sérkennslustjóri	1	50	Þroskaþjálfari
Leikskólakennarar	2	170	Leikskólakennarapróf
Grunnskólakennarar	3	190	Grunnskólakennarapróf
Framhaldsskólakennari	1	100	Serbnesktt háskólapróf
Þroskaþjálfarar	3	235	Þroskaþjálfarafræði
Mannauðstjóri	1	80	Háskólapr. í mannauðstj.
Leiðbeinendur	12	1180	Grunnskóla-/stúdentspróf
Matráður	1	100	Pólskt húsmæðrapróf.
Aðstoð í eldhúsi	1	100	Grunnskólapróf

4.2 Starfsþróunarsamtöl

Starfsmannaviðtöl voru tekin tvisvar á síðasta skólaári. Inga Líndal, leikskólastjóri, tók starfsmenn í viðtal í nóvember 2014 og Hanna María, leikskólastjóri í afleysingum, tók starfsmannaviðtöl í apríl. Í þeim viðtölum er starfsþróun rædd. Hrund Guðmundsdóttir leikskólaráðgjafi tók einnig viðtöl við starfsmenn í október en heilmikil vinna var unnin með starfsandann. Einnig voru starfsmannafundir og deildarstjórafundir sem og deildarfundir nýttir til starfsþróunar.

4.3 Símenntun frá síðasta ári

Símenntun frá síðasta ári

Margir starfsmenn nýttu sér tilboð skólaskrifstofu og kraganámskeið vetrarins. Má þar helst nefna:

- Íslenska sem annað mál
- Markviss málörvun og tvítyngd börn
- Hvernig er málörvunarefni sem til er í leikskólanum notað á árangursríkan hátt?
- SMT námskeið
- Útikennsla
- Allt starfsfólk sótti ráðstefnu um læsi
- Numicon
- Tras
- Bitsboard
- Allt starfsfólk fór á námskeið um notkun Ipada
- Leikur að læra
- Einn skipulagsdagur var nýttur í fyrirlestra og málstofur í tengslum við læsi
- Ýmis námskeið á vegum skólaskrifstofu Hafnarfjarðar og kragans hafa verið sótt af starfsfólki Álfasteins

Önnur námskeið sem sótt voru og greidd úr stéttarfélagi starfsfólks.

- Tveir leikskólakennarar sóttu áfanga við HÍ

Eflaust voru fleiri námskeið sótt sem gleymist að nefna hér.

4.4 Áætlun um símenntun í leikskólanum

Lögð verður áhersla á stærðfræði og læsi í víðum skilningi skólaárið 2015-2016 auk þess sem aukin áhersla verður á hreyfingu og heilsu. Unnið verður áfram með samstöðu og samvinnu meðal starfsmanna og mannauðurinn nýttur.

5. Aðrar upplýsingar

5.1 Barnahópurinn 1. maí.

- Þann 1. maí voru 80 börn í Álfasteini, þar af voru 42 drengir og 38 stúlkur og voru dvalargildi alls 851,37 og deildargildi 4,43. Fjöldi barna sem nutu sérkennslu samkvæmt greiningarviðmiðum sérkennslu í 1. og 2. flokki voru 5.
- Fjöldi barna sem nutu sérkennslu með önnur þroskafrávik eins og málþroskafrávik, hegðunarfrávik, annað voru alls 17 börn.
- Í Álfasteini voru 5 börn með fæðuofnæmi og 2 börn með fæðuóþol. Einnig 1 barn með sérþarfir vegna trúarbragða.
- 18 börn eru með annað móðurmál en íslensku og eru alls 10 tungumál töluð í barnahópnum auk íslensku. Börnin eru 8 frá Póllandi, 2 frá Litháen, 1 frá Portúgal, 2 frá Indlandi, 1 frá Rússlandi, 1 frá Rúmeníu, 1 frá Færeyjum, 1 frá Kósóvó og 1 frá Tælandi. 5 börn búa á heimili þar sem 3 tungumál eru töluð
- 13 forráðamenn tala pólsku, 5 tala ensku, 2 tala albönsku, 2 tala litháensku og 2 rússnesku, 1 foreldri talar portúgölsku, 1 færeysku, 1 rúmensku, 2 tala Hindi og 1 tælensku.

5.2 Foreldrasamvinna

- Foreldraráð samanstendur af þremur foreldrum og leikskólastjóra. Kosið er í ráðið ár hvert í september á ársfundi foreldrafélagsins og kynningafundi fyrir nýja foreldra. Ekki hefur alltaf tekist að fullmanna stjórn með kosningu og hefur verið leitast eftir að fá fólk í gegnum heimasíðu leikskólans. Fullskipað foreldraráð hittist tvisvar á ári í september og mars, eða eins oft og þurfa þykir. Þetta skólaárið hittumst við tvisvar og var lögð fram starfsáætlun. Á seinni fundi ráðsins var farið yfir skóladagatal fyrir veturinn 2015-2016 og það samþykkt. Í vetur hafa aðeins tveir foreldrar verið í ráðinu. Eitt af fyrstu verkefnum haustsins þarf að vera að finna þriðja aðilann í ráðið.

- Í febrúar var haldinn foreldrafundur fyrir foreldra tveggja elstu árganganna þar sem farið var yfir framhaldið fyrir vorið og komandi vetur. Þeim var kynnt það starf sem fram fer þegar elstu börnin flytjast inn í miðhús og auknar kröfur sem þau mæta þar. Einnig var foreldrum 4 ára barnanna kynnt starf næsta veturs en þau koma til með að verða elst þann veturinn. Foreldrafundir eru fyrir nýja foreldra að vori. Þar var farið yfir skólastarf Álfasteins og deildarstjórar leikskólans kynntu þeim þær deildir sem börnin þeirra koma til með að vera á. Vetrarstarf leikskólans var kynnt með þeim hætti að börnin héldu sýningar á könnunarverkefnum sínum. Það hefur sýnt sig undanfarin ár að foreldrar mæta síður á skipulagða foreldrafundi þannig að tekin hefur verið upp sú hefð að kynna starfið í gegnum könnunarverkefni. Slíkar sýningar eru tvisvar á ári í desember og apríl og hefur mæting foreldra verið mjög góð.
- Foreldraviðtöl eru tvisvar á ári og eru sett inn á skóladagatal leikskólans ár hvert. Viðtölin á þessu ári voru í október og mars. Öll foreldraviðtöl eru skráð og foreldrar kvitta undir foreldraviðtölin. Næsta skólaár ætlum við að skipuleggja foreldraviðtölin í tengslum við TRAS. TRAS er matslisti sem er tekinn tvisvar á ári í tengslum við fæðingadag barnsins.
- Samkvæmt lögum um leikskóla er ekki lengur skylt að hafa foreldrafélag. Í leikskólanum Álfasteini hefur verið starfrækt foreldrafélag frá opnun leikskólans 2001. Foreldrafélagið innheimtir greiðslu tvisvar á ári og eru fjármunir félagsins nýttir í sveitaferð, leikrit, jólagjafir og aðrar skemmtanir fyrir börnin í leikskólanum.

5.3 Samstarf leik- og grunnskóla

- Samstarfsverkefni Hvaleyarskóla og leikskólanna í hverfinu er í nokkuð föstum skorðum. Á haustin hittast skólarnir og skipuleggja vetrarstarfið. Í nóvember kom þriðji bekkur í leikskólann og sýndi leikrit og las ljóð í tengslum við dag íslenskrar tungu. Á þrettándanum hittust leikskólarnir Vesturkot, Álfasteinn, Brekkuhvammur og fimm ára deildin í Hvaleyarskóla og sungu saman jólalög. Álfasteinn hefur fengið afnot af sal Hvaleyarskóla undanfarin ár og haldið þar jólaball. Jólaballið gekk ágætlega, jólasveinninn mætti töluvert seint vegna misskilnings og eitthvað var um að nemendur úr Hvaleyarskóla buðu sér á jólaballið. Höfum við því ákveðið að færa jólaballið aftur í Álfasteini í ár.

5.4 Almennar upplýsingar

Leik og grunnskólar Hafnarfjarðar eru með samræmda skipulagsdaga og eru þeir alls fimm í leikskólanum.

5.5 Áætlanir

Eftirtaldar áætlanir eru aðgengilegar á heimasíðu leikskólans

- Viðbragðsáætlun ef upp kemur grunur um:
 - einelti
 - ofbeldi
 - annað?
- Viðbragðsáætlun við:
 - slysum
 - áföllum

▪ annað?

- Öryggisáætlunir
 - Rýmingaráætlun
 - Vinnuverndaráætlun
 - Öryggishandbók
- Móttökuáætlun (barna og starfsmanna)
- Jafnréttisáætlun

Fylgirit

- Matsgögn
- Leikskóladagatal
- Umsögn foreldraráðs
- Annað

Hafnarfirði

Leikskólastjóri

Leikskóladagatal 2015 - 2016

Nafn leikskóla: Álfasteinn

ÁGUST	SEPTEMBER	OKTOBER	NÓVEMBER	DESEMBER	JANÚAR	FEBRUÁR	MARS	APRÍL	MAÍ	JÚNÍ	JÚLÍ
1. L	1. Þ	1. F	1. S	1. Þ	1. F	1. M	1. Þ	1. F	1. S	1. Þ	1. F
2. S	2. M	2. F	2. L	2. M	2. L	2. Þ	2. M	2. L	2. M	2. F	2. L
3. M	3. F	3. L	3. S	3. F	3. S	3. M	3. F	3. S	3. Þ	3. F	3. S
4. Þ	4. M	4. S	4. M	4. F	4. M	4. F	4. F	4. M	4. M	4. L	4. M
5. M	5. F	5. M	5. F	5. L	5. Þ	5. F	5. L	5. Þ	5. F	5. S	5. Þ
6. F	6. Þ	6. Þ	6. F	6. S	6. M	6. L	6. S	6. M	6. F	6. M	6. M
7. F	7. M	7. M	7. L	7. M	7. F	7. S	7. M	7. F	7. L	7. Þ	7. F
8. L	8. Þ	8. F	8. S	8. Þ	8. F	8. M	8. Þ	8. F	8. S	8. M	8. F
9. S	9. M	9. F	9. M	9. M	9. L	9. Þ	9. M	9. L	9. M	9. F	9. L
10. M	10. Þ	10. S	10. S	10. F	10. M	10. Þ	10. F	10. S	10. Þ	10. S	10. S
11. Þ	11. M	11. S	11. M	11. F	11. M	11. F	11. F	11. M	11. M	11. L	11. M
12. M	12. Þ	12. M	12. L	12. L	12. Þ	12. F	12. L	12. F	12. F	12. S	12. Þ
13. F	13. M	13. Þ	13. S	13. M	13. M	13. F	13. S	13. M	13. F	13. M	13. M
14. F	14. M	14. M	14. L	14. M	14. F	14. M	14. L	14. L	14. Þ	14. F	14. F
15. L	15. Þ	15. F	15. S	15. Þ	15. M	15. M	15. Þ	15. F	15. S	15. M	15. F
16. S	16. M	16. F	16. M	16. L	16. M	16. Þ	16. M	16. L	16. Þ	16. F	16. L
17. F	17. L	17. L	17. S	17. M	17. S	17. M	17. F	17. S	17. Þ	17. M	17. S
18. Þ	18. M	18. S	18. M	18. F	18. M	18. F	18. F	18. M	18. L	18. L	18. M
19. M	19. L	19. M	19. F	19. L	19. Þ	19. F	19. L	19. F	19. F	19. S	19. Þ
20. F	20. S	20. Þ	20. M	20. S	20. M	20. L	20. S	20. M	20. F	20. M	20. M
21. F	21. M	21. M	21. F	21. M	21. F	21. S	21. M	21. F	21. L	21. Þ	21. F
22. L	22. Þ	22. F	22. S	22. Þ	22. M	22. F	22. Þ	22. M	22. S	22. F	22. F
23. S	23. M	23. M	23. L	23. M	23. Þ	23. M	23. M	23. L	23. M	23. L	23. L
24. M	24. F	24. F	24. S	24. F	24. M	24. S	24. Þ	24. S	24. Þ	24. F	24. S
25. Þ	25. M	25. S	25. M	25. F	25. M	25. F	25. M	25. L	25. M	25. M	25. M
26. M	26. L	26. M	26. F	26. L	26. Þ	26. F	26. L	26. Þ	26. F	26. Þ	26. Þ
27. F	27. S	27. M	27. M	27. S	27. M	27. L	27. S	27. M	27. F	27. M	27. M
28. L	28. M	28. M	28. F	28. M	28. Þ	28. S	28. M	28. F	28. L	28. Þ	28. F
29. S	29. M	29. F	29. M	29. Þ	29. M	29. F	29. Þ	29. M	29. S	29. M	29. F
30. M	30. L	30. M	30. S	30. M	30. Þ	30. M	30. M	30. L	30. M	30. F	30. L
31. M	31. L	31. M	31. S	31. F	31. M	31. F	31. F	31. L	31. M	31. F	31. S